# Elliðaárdalur

## breyting á deiliskipulagi vegna Árbæjarlóns, Árbæjarstíflu og Rafstöðvarvegs

KYNNING FYRIR UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐS – 26. NÓVEMBER 2025. Notast við myndefni frá TERTU.



Niðurlagningaráætlun hefur verið lögð inn sem drög til UOS og áhrifamat vatnshlota hefur verið framkvæmt. UOS hefur samþykkt að tillaga að niðurlagningaráætlun verði kynnt samhliða kynningu á tillögu að deiliskipulagsbreytingu.

Þegar ákvörðun um stöðvun rafmagnsframleiðslu liggur fyrir virkjast 79. ákvæði vatnalaga þar sem segir: Niðurlagning mannvirkis samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki Orkustofnunar. Við niðurlagningu skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs. Eigandi mannvirkis skal leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt.

# Elliðaárvirkjun




① Gamla rafstöðin/Elliðaárstöð ② Aðfallspípan meðfram Rafstöðvarvegi ③ Árbæjarstífla

# Árbæjarstífla






Kennisnið

Tímalína aðfallspípu



# Mannvirki

Árbæjarstífla, aðfallspípa og Rafstöðin er í raun eitt og sama mannvirkið.

+ Stífluð á myndar lón
+ Vatn leitt í aðfallspípu
+ Vatn snýr að lokum túrbínum í rafstöðinni og myndar rafmagn




Bein sjóntenging eftir aðfallspípu við Rafstöðvarveg



Rafstöðin



# Árbæjarstífla - tillögur




1. Endurheimt náttúrulegs farvegs árinnar
2. Endurheimt náttúrulegra gæða. Steypubrot nýtt í innsetningar og hellur
3. Endurbætt og aðgengileg gönguleið ofan á stíflu
4. Varðveisla og minjavernd. Áningarstaðir beggja vegna mannvirkisins



Mannvirkið ‘bútað niður’ og efnið endurnýtt í hellulögn og innsetningar



Borgarhöfði, Rúststeinar, Narfi 2023



Heldenplein Londerzeel, 2022, Stramien CV



Melletrumet, Bogl, 2016–2020

Byggingarefnið er fengið að láni úr fortíðinni og nýtt í framtíðinni, verður hluti af umhverfi okkar.

Það heldur notagildi sínu en fær nýtt hlutverk.

Þannig er hringrásinni haldið við og byggingarefnið heldur áfram að hlaða á sig sögu, tíðaranda og veðráttu, sem minnisvarði um framfarir fyrri tíma og framvindu síðari tíma.



Stíflumannvirki, fyrir og eftir. Horft í norðurausturátt.





Útskot á milli steypubrota



Pirrama Park, 2011,
Aspect Studio



Park Naturmuseum,
2017-18, Studio Vulkan



The Voyage, 2017,
BCA Landscape



Gengið á brúnni
í suðurátt



Malbikaður vegur

Aðfallspípa undir mön



Vistgata

Aðfallspípa sem skilti



Vistgata

Aðfallspípa sem innsetning



Núverandi lega aðfallspípu undir mön




Tillaga - stálgjarðir eru líkt og dregnar upp úr jörðinni og mynda innsetningar




Rafstöðvarvegur
Vistgata - innsetningar

Rafstöðvarvegur
Vistgata



Deiliskipulagsbreyting:

Árbæjarlón er fellt út úr deiliskipulagi og þess í stað eru sýndir náttúrulegir farvegir Elliðaáa.

Breyting er gerð á göngu- og hjólastígum sem tengjast göngustíg á Árbæjarstíflu norðan og sunnan hennar ásamt því að gert er ráð fyrir áningarstöðum beggja megin stíflunnar þar sem stígur á stíflunni tengist aðliggjandi göngu- og hjólastígum.

Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hluti Árbæjarstíflu og þrýstivatnspípu virkjunarinnar verði fjarlægður. Frekari útfærsla breytinga skal unnin í nánu samráði við Minjastofnun.

Gert er ráð fyrir nýrri upplifunarbrú yfir Elliðaárnar sem tengist þeim hlutum stíflunnar sem eftir standa.

Rafstöðvarvegur er í gildandi deiliskipulagi skilgreindur sem samrými gangandi og hjólandi frá Höfðabakka að eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæðis Orkuveitunnar.


Árbæjarstífla
gamólmar
ðir
Blásteinshólmi
Elliðaár


gamólmar
ðir
Blásteinshólmi



Gildandi deiliskipulag



Breyting á deiliskipulagi

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingar
- Víkjandi byggingar
- Friðlýstar byggingar
- Byggingarreitur
- Götur og bílastæði
- Samrými hjólandi og akandi
- Vistgata
- Reiðstígur/veiðislóði
- Brú
- Undirgöng
- Hjólastígar
- Stofnstígar
- Tengistígar
- Náttúrustígar
- Áningastaður / fræðsla
- Hestagerði
- Ofanvatnslausn
- Gróður
- Nútíma hraun
- Hverfisvernd samstæðra húsa og heilda.
- Hverfisvernd
- Friðlýst svæði
- Minjar - verndarsvæði
- Minjar
- Frisbígolfvöllur
- Þjónustuvegur



HLUTI AÐALSKIPULAGS 2040
Rauður hringur sýnir staðsetningu breytingar

# Elliðaárdalur - deiliskipulag

**Breyting á deiliskipulagi - Árbæjarlón, Árbæjarstífla og Rafstöðvarvegur**

Elliðaárvirkjun hætti starfsemi árið 2014 og Árbæjarlón var tæmt varanlega af Orkuveitunni árið 2020. Með breytingu á deiliskipulagi er m.a. verið að uppfæra deiliskipulag Elliðaárdals þar sem Árbæjarlónið er ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir árinnar skilgreindir í stað lónsins. Þá er skilgreint nýtt hlutverk Árbæjarstíflu sem aðgengileg göngutenging yfir Elliðaárnar ásamt því að breytingar verða á aðliggjandi stígum og áningarstöðum beggja megin stíflunar.

Markmiðið er að umhverfi og dalurinn allur verði áfram einstök náttúru- og útivistarperla.

**Breyting á deiliskipulagi fellst í eftirfarandi:**

- Árbæjarlón er fellt út úr deiliskipulagi og þess í stað eru sýndir náttúrulegir farvegir Elliðaáa.
- Árbæjarlón er fellt út úr deiliskipulagi og þess í stað eru sýndir náttúrulegir farvegir Elliðaáa.
- Breyting er gerð á göngu- og hjólastígum sem tengjast göngustig á Árbæjarstíflu norðan og sunnan hennar ásamt því að gert er ráð fyrir áningarstöðum beggja megin stíflunnar þar sem stígur á stíflunni tengist aðliggjandi göngu- og hjólastígum.
- Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hluti Árbæjarstíflu og þrýstivatnspípu virkjunarinnar verði fjarlægður en Minjastofnun hefur veitt heimild til breytinga á þessum friðuðu mannvirkjunum í samræmi við fyrirliggjandi forhönnun. Frekari útfærsla breytinga skal unnin í nánu samráði við Minjastofnun.

  Gert er ráð fyrir nýrri upplifunarbrú yfir Elliðaárnar sem tengist þeim hlutum stíflunnar sem eftir standa. Heimilt verður að hafa lágstemmda glýjufría lýsingu á brúnni. Við val á lýsingu skal hugað að því að lífríkið í ánni verði ekki fyrir áhrifum vegna lýsingar.
- Breytingar eru gerðar á ákvæðum í greinargerð í kafla 3.3 um ofanvatnslausnir með það að markmiði að útfærsla sé ekki bundin við eina lausn og skilgreind sérstaklega sem slík í deiliskipulagi, en skuli vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni ásamt því að vatnshlotið Elliðaár megi ekki verða fyrir neikvæðum áhrifum.
- Rafstöðvarvegur er í gildandi deiliskipulagi skilgreindur sem samrými akandi og hjólandi frá Höfðabakka að eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæðis Orkuveitunnar. Sú breyting er gerð að Rafstöðvarvegur verður skilgreindur sem vistgata í stað þess að vera samrými gangandi og hjólandi auk þess sem vistgatan lengist um 130 m til vesturs að Gömlu Rafstöðinni. Vistgatan verður um 950 m að lengd.
- Sú breyting er gerð að hjólastígur sem gert var ráð fyrir norðan Rafstöðvarvegar á um 200 m kafla við safna- og sýningarsvæði Orkuveitunnar er felldur út en þess í stað er gert ráð fyrir að hjólastígurinn fari inn á Rafstöðvarveginn og að hjólandi umferð verði á honum á um 70 m kafla að vistgötunni Rafstöðvarvegi. Vegna þessa eru gerðar óverulegar breytingar á aðliggjandi stofnstig.

Nánari upplýsingar og umhverfismat breytingarinnar í meðfylgjandi greinargerð.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags Elliðaárdals sem öðlaðist gildi þann 28. apríl 2021 m.s.br.

**Samræmi við aðrar áætlanir**

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á

______________________________

þann ____________

Tillagan var auglýst frá ______________

með athugasemdafresti til ______________

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ___________

______________________________

0 100 200 Meters

REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR
BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA
SKIPULAGSUPPDRÁTTUR - SUÐURHLUTI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:2500 | TEIKN NR: | |
| DAGS: | 03.11.2025 | HANNAÐ: | ÓI |
| FLOKKUR: | 0000-REYK_ELLI | TEIKNAÐ: | ÓI |
| SKRÁ: | | VERKNR: | 24221 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\24221-ELLIDAARDALUR-DSK-BR-ARBAEARLON\TEIKN\DWG\24221-DSK-BR_2025-11-03.DWG

Reykjavík